

Aðgerðaráætlun geng einelti á Heilsuleikskólanum Suðurvöllum.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

Starfsmenn Heilsuleikskólans Suðurvalla hafa komið sér saman um leiðarljós í samskiptum, einelti þrífst ekki ef eftir leiðarljósinu er farið.

Virðing	Umhyggja	Samvinna	Gleði
Sýnum umburðarlyndi og þolinmæði fyrir fjölbreytileikanum	Kærleikur og umhyggja í verki	Sköpum andrúmsloft sem einkennist af trausti og friðsæld	Ræktum gleðina með jákvæðri hugsun
Sýnum tillitssemi, hlustum á hvort annað	Hrósum og hvetjum	Skýrt skipulag og skýrar reglur	Brosu, hlæjum, höfum gaman
Uppbyggileg gagnrýni, rýnum til gagns	Baktal viðgengst ekki	Gott upplýsingaflæði	Húmor
Heiðarleiki og kurteisi	Sýnum hjálpssemi og hlýju	Við vinnum saman sem ein heild	
		Við erum samstíga	

Einelti: Orðskýring á hugtakinu samkvæmt reglugerð vinnueftirlitsins

Reglugerð 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustaðnum. 3. gr. a.

Einelti: Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.

Hér er ekki átt við skoðanaágreiningu eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað milli stjórnanda og starfsmanns eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda sé skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur hvorki viðvarandi eða endurtekinn kerfisbundið.

Dæmi um einelti:

- ⊕ Baktal, slúður, útúrsmúningur og þöggun
- ⊕ Einangrun og útilokun
- ⊕ Stöðug gagnrýni og stríðni
- ⊕ Líkamlegt ofbeldi – kynferðisleg áreitni
- ⊕ Geðheilsa dregin í efa
- ⊕ Útilokun frá veislum, fundum, eða ferðum
- ⊕ Neikvæð skírskotun til aldurs, kyns, fötlunar eða kynþáttar